

152

3. Sameignarfélagið »Dvergur«, trjesmiðaverksmiðja og timburverslun Hafnarfjarðar, Flygenring & Co, tilkynnir afturköllun og útstrykun úr firmaskránni á firma þes-u, með því að þessum fjelagsskap hafi frá síðustu áramótum verið breytt í hlutafjelag.
4. Ólafur V. Ófeiggsson, kaupmaður í Keflavík, rekur verslun í Keflavík undir nafninu »Verslun Ólafs V. Ófeiggssonar«, og hefir hann einn rjett til að rita firmað.
5. Það tilkynnist hjermeð, að Bödvar Bödvarsson, bakari í Hafnarfirði, hefir gengið út úr firmanu Verslun Bödvarssona & Co. frá 1. desember þ. á. Að öðru er firmað óbreytt.

153

Auglýsing

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík

um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið árið 1917.

Skrás. 1917 nr. 1.

Tilkjnt 20. marst 1917, kl. 4 síðd., af Joseph Watson & Sons, Limited, sápuvjörðarmönnum, Leeds, Englandi, og skrásett 24. s. m.

Lýsing á merkinu:

Orðið:

NUBOLIC

sem er sjerstaklega tilbúið heiti, er einkenna á með almennar sáputegundir.

Merkið er skrásett í London 27. júlí 1891, 47. flokki, fyrir sömu vörutegundir, og sú skrásetning síðan endurnýjuð 27. júlí 1905.

Skrás. 1917 nr. 2.

Tilkjnt 20. mars 1917, kl. 4 síðd., af Andrew Melrose & Company, tesölum, Edinburgh, Skotlandi, og skrásett 24. s. m.

Lýsing á merkinu:

Orðin:

MELROSE'S TEAS

Merkið nær eingöngu til te-tegunda, og er það sjerstakt tilbúið heiti fyrir þær vörutegundir. **153**

Samkv. tilk. dags. 15. maí 1891, er merkið skrásett í London 1. okt. s. á., 42. flokki, fyrir sömu vörutegundir, og skrásetningin síðan endurnýjuð 15. maí 1905.

Skrás. 1917 nr. 3.

Tilkynt 22. mars 1917, kl. 5 síðd., af Hodgson & Simpson, Limited, sápu-gjörðarmönnum, Liverpool, Englandi, og skrásett 26. s. m.

Lýsing á merkinu:

Orðin:

BULL'S EYE

Merkið er ætlað fyrir kerti, — þó ekki þar með talin kerti, sem notuð eru við ljósmyndagjörð —, og eru orðin Bulls Eye að skoða sem sjerstakt tilbúið heiti fyrir tjeða vörutegund.

Samkv. tilk. dags. 18. maí 1899, er merkið skrásett í London 22. ágúst 1900, 47. flokki, fyrir sömu vörutegund, og skrásetningin síðan endurnýjuð 18. maí 1913.

Skrás. 1917 nr. 4.

Tilkynt 22. mars 1917, kl. 5 síðd., af Lever Brothers, Limited, sápu-gjörðarmönnum, Port Sunligh, Englandi, og skrásett 26. s. m.

Lýsing á merkinu:

Orðið:

LUX

Merkið er ætlað fyrir almenna sápu, linsterkju, blákku og aðrar efna-samsetningar til þvotta, — þó ekki þar með talin olía til lýsingar, hitunar eða áburðar, kerti, eldspítur og aðrar vörur af líkri tegund. Orðið Lux skal nota sem sjerstakt tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Samkv. tilk. dags. 18. maí 1901 er merkið skrásett í London 25. mars 1903, 47. flokki, fyrir sömu vörutegundir, og skrásetningin endurnýjuð 18. maí 1915.

Tilkynt 22. mars 1917, kl. 5 sídd., af sömu, og skrásett 26. s. m.
Lýsing á merkinu:
Orðið:

VIM

Merkið er ætlað fyrir allskonar fágunarsápur, fágunarduft og fágunarvökva, — þó ekki þar með talin þau fágunarefni eða áburður, sem notaður er á skófatnað, aktýgi, leður eða aðrar þesskonar vörur.

Orðið Vim skal nota sem sjerstakt tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Samkv. tilk. dags. 9. des. 1903, er merkið skrásett í London 5. apríl 1904, 50. flokki, fyrir sömu vörutegundir.

Tilkynt 22. marz 1917, kl. 5 sídd., af sömu, og skrásett 26. s. m.
Lýsing á merkinu:



Aflangur ferhyrningur. Efst í honum stendur með stórum stöfum orðið: SWAN. Undir því, til vinstri handar, er mynd af sitjandi álft, er hringar höfuð og háls.

Merkið er ætlað fyrir almenna sápu.

Samkv. tilk. dags. 23. maí 1903, er merkið skrásett í London 5. sept. 1903, 47. flokki, fyrir sömu vörutegund.

Tilkynt 22. mars 1917, kl. 5 sídd. af Lever Brothers, Limited, sápugerðarmönnum, Port Sunlight, Englandi, og skrásett 30. s. m.

Lýsing á merkinu:

153



Á hnetti, sem á eru dregin lengdar- og breiddarstig, situr kvenmaður með slegið hár. Vinstri hendi styður hún á hnöttinn, en sú hægri hvílir á hnje hennar. Fyrir ofan kvenmannsmyndina standa í boga orðin: VELVET SKIN SOAP.

Merkið er ætlað fyrir allar tegundir af handsápu, ilmsápu, ilmvötn og önnur ilmefni til andlits- og handþvotta.

Samkv. tilk. dags. 6. apríl 1900, er merkið skrásett í London 10. s. m., 48. flokki, fyrir ofangreindar vörutegundir, og sú skrásetning síðan endurnýjuð 7. júní 1914.

Skrás. 1917 nr. 8.

Tilkent 22. mars 1917, kl. 5 síðd. af sömu, og skrásett 30. s. m.

Lýsing á merkinu:

Orðið:

LIMELIGHT


Merkið er ætlað fyrir kerti, almenna sápu, línsterkju, blákku og aðrar efnasamsetningar til þvotta, — þó ekki þar með talin olía til lýsingar, hitunar eða áburðar, eða aðrar vörur líkrar tegundar nje heldur eldspítur.

Orðið LIMELIGHT skal nota sem sjerstakt tilbúið heiti fyrir áðurnefndar vörutegundir.

Samkv. tilk. dags. 28. febr. 1898, er merkið skrásett í London 13. maí s. á., 47. flokki, fyrir sömu vörutegundir, og skrásetningin síðan endurnýjuð 28. febr. 1912.

Skrás. 1917 nr. 9.

Tilkent 22. mars 1917, kl. 5 síðd. af sömu, og skrásett 30. s. m.



Ferhyrningur. Neðst í honum, til vinstri handar, er mynd af sjómanni í hlífðarfötum og björgunarvesti. Í hægri hendi heldur hann uppi yfir sjer björgunarhring, sem á eru letruð orðin: For saving life. — For preservation of health. Úr björgunarhringnum liggur lína, sem hönkuð er upp, og heldur maðurinn á hönkinni í vinstri hendi. Fyrir ofan björgunarhringinn, uppi undir umgerð merkisins, stendur með stórum stöfum, í feldi, er nær þvert yfir um merkið, orðið: LIFEBUOY.

Merkið ætlað fyrir almenna sápu, kerti, línsterkju, blákku og aðrar efna-samsetningar til þvotta, — þó ekki þar með taldar eldspítur eða aðrar þesskonar vörur.

Samkv. tilk. dags. 13. apríl 1894, er merkið skrásett í London 7. sept. s. á, 47. flokki, fyrir áður tilgreindar vörutegundir, og skrásetning þess síðan endurnýjuð 13. apríl 1908.

Skrás. 1917 nr. 10.

Tilkynnt 20. apríl 1917, kl. 5 síðdegis, af Lever Brothers Limited, sápu-gjörðarmönnum, Port Sunlight, Englandi, og skrásett 18. maí s. á.

Lýsing á merkinu:

153

SUNLIGHT

SÆPE

Kr. 20000,00

STOR BESPARELSE BAADE AV ARBEIDE, TID OG PENGE

GARANTERET
ABSOLUT EGTE, REN OG USKADELIG.

er forfalsket eller indeholder
nogensomhelst slags skadelige
kemikalier.

Alle Handlands bemyndiges til at tilbaekbetale
pengene til kjøpere som finder grund til klage.

utbetales til hvemsomhelst
der kan bevise, at denne Sæpe
som er fabrikeret av

Rjetthyrndur ferhyningur með skreyttri umgjörð Efst í honum, uppi undir umgjörð hans, stendur með stórum, hvítum bókstöfum í svörtum feldi, er nær þvert yfir um merkið, orðið: SUNLIGHT Þar fyrir neðan stendur í bogadregnum, hvítum feldi orðið: Sæpe. Fyrir ofan og neðan þann feld, til vinstri og hægri handar, sjást blóm, en hæggra megin við feldinn er mynd af kvenmanni, er heldur á körfu með þvotti í. Fyrir neðan hinn bogadregna feld með orðinu Sæpe standa í mjóum, svörtum feldi, hringbreygðum á hægri enda, orðin: Stor Bespærelse baade av Arbeide, Tid og Penge

Merkið er samkv. tilk. dags. 3. mars 1916, skrásett í London 10. jan. 1917, 47. flokki, fyrir allskonar sápur, kerti, línsterkju og blákkju.

Skrás. 1917 nr. 11.

MONKEY BRAND

LES fyrirsögnina vandlega
aður en þú notar hana.
Tilbúin í Port Sunlight fyrir
BENJAMIN BROOKE & COMPANY
LIMITED.



BROOKE'S
SÁPA
MONKEY
BRAND
Lestu ætíð fyrir-
sögnina.

Á SKITNAR HENDUR,
Stál-, járn-, látúna- og kopar ker,
eldstór, marmara, myndastýttur, gólf
og yfir höfuð til að hreinsa alla
innan húsumun!
EYÐIR RYÐI, ÓHREINKU,
BLETTUM O.S. FRV.

Til að hreinsa, þvo, núa og fægja:
MÁLMA, MARMARA,
MÁLVERK, HNIÐAPÖR, POTTA,
VÉLAR, GLASVÖRUR,
LEIRVÖRUR,
GLUGGA, OLÍUDÚKA, BAKKER,
KOPARILÁT.
Til að þvo úr og hreinsa diskana og
öll eldhúsgögn.

X 1982a—Íceland,

Tilkent 21. maí 1917, kl. 6 síðd., af Lever Brothers Limited, sápuvörðarmönnum, Port Sunlight, Englandi, fyrir hönd Benjamin Brooke & Company Limited, sama staðar, og skrásett 23. s. m.

Lýsing á merkinu:


Aflangt merki, sem skift er í 4 reiti. Uppi yfir efsta reitnum standa orðin: Monkey Brand. Í næst efsta reitnum er mynd af apa, sem heldur á steikarapönnu í vinstri hendi. Hægra megin við apa-myndina eru leturð orðin: »Brooke's Sápa« og þar fyrir neðan með feitara letri: »MONKEY BRAND«. Í hinum þremur reitunum eru ýmsar leiðbeiningar á íslensku um notkun þeirra vara, er skrásetningin nær til.

Merkið, sem samkv. tilk. dags. 17. apr. 1916 er skrásett í London 9. ág. s. á., 50. flokki, er ætlað fyrir allskonar sápur, þar með talið fágunaarsápur, fágunaarduft og fágunaarvökva, kerti, línsterkju, blákkju og aðrar líkar efnasamsetningar til þvotta.

Skrás. 1917, nr. 12.

153

Tilkynt 5. septbr. 1917, kl. 1 síðd, af Aitken, Melrose & Co., Limited, heildsölum Edinburgh Skotlandi, og skrásett 12. s. m.



Lýsing á merkinu:

Orðið »MELROSE«, sem stendur undir byggingu, sem er mynd af Melrose Abbey.

Merkið, sem skrásett er í London 21. nóv. 1916 samkv. tilk. dags. 17. ág. s. á., 42. flokki, er ætlað fyrir te, kaffi og kakao, og er orðið »Melrose« sjerstakt tilbúið heiti fyrir þessar vörutegundir.

A árinu hefur vörmerki nr. 2 — 1907 (Det Danske Petroleums Aktieselskab) verið *endurnýjað* samkv. 10. gr vörumerkjaganna, og *afmáð* hefur verið úr vörumerkjaskránni samkv. 12. gr sömu laga nr. 1 — 1907 (Jul Zacharias). Synjað var um skrásetning 2 merkja samkv. 5. gr. 5.

Skrifstofu vörumerkjaskráritarans í Reykjavík, 31. des. 1917.